LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
Hlíðasmára 8 - 200 Kópavogur

Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis
B.t. Össurar Skarphéðinssonar, formanns
Nefndarsvið Alþingis
v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 26. mars 1997
68/97/SB/imv

Umsögn stjórnar Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) hefur á mörgum fundum rætt ofangreint frumvarp. Frumvarpinu var einnig vísað til umfjöllunar Siðfræðiráðs LÍ. Efni frumvarpsins hefur verið kynnt öllum læknum og læknar hafa fjallað um það sérstaklega á tveimur almennum félagsfundum.

Stjórn LÍ getur ekki stutt samþykkt þessa frumvarps í óbreyttri mynd. Stjórnin leggur eindregið til að frumvarpið verði endurskoðað og endursamið.

Í fyrsta lagi eru efnisþáttum í frumvarpinu ekki gerð nægjanleg skil.

Í öðru lagi vantar mikilvæga þætti inn í frumvarpið viðkomandi lífsiðfræði og frumvarpið gengur þannig mun skemmra heldur en ákvæði er taka til réttinda sjúklinga í öðrum löndum sem við tökum mið af og viljum standa í það minnsta jafnfætis í réttindamálum m.a.

Í þriðja lagi eru ákvæði í frumvarpinu sem læknar geta engan veginn fallist á og sem beinlínis ganga gegn ákvæðum í læknalögum og siðareglum lækna og í alþjóðasamþykktum lækna og sem öll snerta hag og réttindi sjúklinga. Atriði þessi varða m.a. upplýsingar um læknisfræðilega þætti og um ábyrgð læknisins og þar með rétt og öryggi sjúklingsins og þar sem aðrir s.n. heilbrigðisstarfsmenn koma ekki í læknis stað.

Réttindi sjúklinga hafa vitandi og óafvitandi fram til þessa öðru fremur verið tryggð með ákvæðum í læknalögum [sem m.a. hafa tekið til annarra heilbrigðisstétta] með ákvæðum í siðareglum lækna og alþjóða samþykktum þeirra um fagleg og siðfræðileg efni og grundast á rótgrónum tengslum læknis og sjúklings. Þau ákvæði sem hér er vitnað til leggja ábyrgð á hendur lækninum og skapa sjúklingnum um leið rétt og öll ákvæði í frumvarpi um réttindi sjúklinga sem veikja þetta grundvallaratriði draga í raun úr réttindum sjúklinga, gera ábyrgð lækna óskýra og draga úr markvissu réttindaferli sjúklings í heilbrigðiskerfinu.

Stjórn LÍ greip til þess ráðs á árinu 1996 að senda til Heilbrigðis- og tryggingamálanefndar bráðabirgða athugasemdir við frumvarp um réttindi sjúklingna sem þá var lagt fyrir hið háa Alþingi. Hins vegar var óskað eftir því að afgreiðslu málsins yrði frestað og að læknar fengju mun meiri tíma til að fjalla um efni þess. Í framhaldi af því var málinu vísað til Siðfræðiráðs LÍ

sem fjallaði ítarlega um frumvarpið og tók það til umræðu á tveimur almennum fundum lækna og oftar en einu sinni með stjórn LÍ.

Að lokum varð til nýtt frumvarp um réttindi sjúklinga þar sem athugasemdir Siðfræðiráðs og samþykktir stjórnar LÍ og félagsfunda lækna voru felldar inn í upphaflega frumvarpið og þannig það til í nýrri mynd. Þannig samið frumvarp var afhent hæstvirtum heilbrigðisráðherra á síðastliðnu hausti og var því þá heitið af ráðherra að upphaflega frumvarpið yrði endurskoðað og endursamið í samvinnu við LÍ. Því miður varð ekki af því. Sýnist sem frumvarpið um réttindi sjúklinga sé nú lagt fram í lítt breyttri mynd frá hinni upphaflegu sem er með öllu ófullnægjandi og getur ekki hlotið neinn stuðning frá læknasamtökunum.

Stjórn LÍ leggur því eindregið til að breytingatillögur hennar sem samdar hafa verið af Siðfræðiráði LÍ og studdar af stjórn og almennum félagsfundum verði efni nýs frumvarps er nái síðan samþykkt á hinu háa Alþingi. Tillaga stjórnar LÍ er með gerð nýs frumvarps þannig að hún tekur tillit til þess sem vantar hins vegar í upphaflega frumvarpið: Fjallar með öðrum hætti efnislega um atriði, gætir þess vandlega að ekkert vanti þar inn í sem nú þegar stendur til að samþykkja um réttindi sjúklinga annars staðar og á við hér og loks varðveitir það í réttindafrumvarpinu ábyrgð og skyldur lækna sem öðru fremur tryggja réttindi sjúklinga.

Með bréfi þessu fylgir álit stjórnar Siðfræðiráðs LÍ, dags. 21. mars 1997, sem sent hefur verið stjórn LÍ og samþykkt í henni og síðan fylgiskjöl: 1) Samningur um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði: Samningur um mannréttindi og líflæknisfræði. 2) Tillögur að frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga með breytingartillögum stjórnar Siðfræðiráðs LÍ og sem samþykktar eru af stjórn LÍ og 3) Skýringar (Explanatory Memorandum) við samning um mannréttindi og líflæknisfræði.

Virðingarfyllst,
með góðum kveðjum

Sverrir Bergmann
formaður

CONVENTION FOR THE PROTECTION OF HUMAN RIGHTS AND DIGNITY OF THE HUMAN BEING WITH REGARD TO THE APPLICATION OF BIOLOGY AND MEDICINE: CONVENTION ON HUMAN RIGHTS AND BIOMEDICINE

(Adopted by the Committe of Ministers on 19 November 1996)

Samningur um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði: Samningur um mannréttindi og líflæknisfræði

(Samþykktur af Ráðherranefnd Evrópuráðsins 19. nóvember 1996]

PREAMBLE

The Member States of the Council of Europe, the other States and the European Community signatories hereto,

Bearing in mind the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10 December 1948;

Bearing in mind the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950;

Bearing in mind the European Social Charter of 18 October 1961;

Bearing in mind the International Covenant on Civil and Political Rights and the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights of 16 December 1966;

Bearing in mind the Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data of 28 January 1981;

Bearing also in mind the Convention on the Rights of the Child of 20 November 1989;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of a greater unity between its members and that one of the methods by which that aim is to be pursued is the maintenance and further realisation of human rights and fundamental freedoms;

Conscious of the accelerating developments in biology and medicine;

Convinced of the need to respect the human being both as an individual and as a member of the human species and recognising the importance of ensuring the dignity of the human being;

Conscious that the misuse of biology and medicine may lead to acts endangering human dignity;

FORMÁLI

Aðildarríki Evrópuráðsins, önnur ríki og Evrópusambandið er undirrita samning þennan,

hafa í huga Almennu yfirlýsinguna um mannréttindi, sem Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna gaf út 10. desember 1948,

hafa í huga Sáttmálann um vernd mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950,

hafa í huga Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961,

hafa í huga Alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og Alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966,

hafa í huga Samninginn um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 28. janúar 1981,

hafa einnig í huga Samninginn um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989,

álíta að markmið Evrópuráðsins sé að ná fram meiri einingu meðal aðildarríkjanna og að ein af aðferðunum, sem beitt skal til þess að ná þessu marki, er viðhald og efling mannréttinda og mannfrelsis;

eru meðvita um hröðun þróunar í líffræði og læknisfræði,

eru sannfærð um nauðsyn þess, að virða mannveruna bæði sem einstakling og hluta mannkyns og viðurkenna mikilvægi þess, að tryggja reisn mannverunnar,

eru meðvita um, að misnotkun líffræði og læknisfræði getur leitt til gjörða er stofna mannlegri reisn í hættu,

Affirming that progress in biology and medicine should be used for the benefit of present and future generations;

Stressing the need for international co-operation so that all humanity may enjoy the benefits of biology and medicine;

Recognising the importance of promoting a public debate on the questions posed by the application of biology and medicine and the responses to be given thereto;

Wishing to remind all members of society of their rights and responsibilities;

Taking account of the work of the Parliamentary Assembly in this field, including Recommendation 1160 (1991) on the preparation of a Convention on bioethics;

Resolving to take such measures as are necessary to safeguard human dignity and the fundamental rights and freedoms of the individual with regard to the application of biology and medicine;

Have agreed as follows:

staðfesta, að framfarir í líffræði og læknisfræði skuli notaðar til hagsbóta fyrir núlifandi og síðari kynslóðir,

leggja áherslu á þörfina fyrir alþjóðlega samvinnu, í því skyni að allt mannkyn fái notið hagsbótanna af líffræði og læknisfræði,

viðurkenna mikilvægi þess, að efld sé opinber umræða um þær spurningar, sem beiting líffræði og læknisfræði vekja og um það hvernig við þeim skuli brugðist,

æskja þess, að minna alla samfélagsþegna á réttindi þeirra og skyldur,

taka mið af starfi Ráðgjafarþingsins á þessu sviði, þar með talinni Ályktun 1160 (1991) um undirbúning samnings um lífsiðfræði,

eru staðráðin í að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að tryggja mannlega reisn, og frumréttindi og frelsi einstaklinga, að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

CHAPTER I
General provisions

Article 1. (Purpose and object)

Parties to this Convention shall protect the dignity and identity of all human beings and guarantee everyone, without discrimination, respect for their integrity and other rights and fundamental freedoms with regard to the application of biology and medicine.

Each Party shall take in its internal law the necessary measures to give effect to the provisions of this Convention.

Article 2. (Primacy of the human being)

The interests and welfare of the human being shall prevail over the sole interest of society and science.

Article 3. (Equitable access to health care)

Parties, taking into account health needs and available resources, shall take appropriate measures with a view to providing, within their jurisdiction, equitable access

FYRSTI KAFLI
Almenn ákvæði

Fyrsta grein (Stefna og markmið)

Aðilar þessa samnings skulu vernda reisn og auðkenni allra mannvera og tryggja hverjum og einum, án mismununar, virðingu fyrir óskertu ástandi þeirra og öðrum réttindum og mannfrelsi, að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði.

Hver aðili samningsaðili skal í landslögum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ákvæðum þessa samnings.

Önnur grein (Mannveran sett ofar öðru)

Hagsmunir og velferð mannverunnar skulu vera fremri eiginhagsmunum samfélags og vísinda.

Þriðja grein (Óvilhallur aðgangur að heilbrigðisþjónustu) Aðilar samningsins skulu, þar sem lögsaga þeirra nær til, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að veita óvilhallan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Tekið

to health care of appropriate quality.

skal mið af heilbrigðisþörfum og tiltækum úrræðum og gæði þjónustu skulu vera við hæfi.

Article 4. (Professional standards)
Any intervention in the health field, including research, must be carried out in accordance with relevant professional obligations and standards.

Fjórða grein (Starfsstaðlar)
Sérhverri íhlutun á heilbrigðissviðinu, þar með innan vísindarannsókna, skal beitt samkvæmt viðeigandi starfsskyldum og starfsstöðlum.

CHAPTER II
Consent

ANNAR KAFLI
Samþykki

Article 5. (General rule)
An intervention in the health field may only be carried out after the person concerned has given free and informed consent to it.
This person shall beforehand be given appropriate information as to the purpose and nature of the intervention as well as on its consequences and risks.
The person concerned may freely withdraw consent at any time.

Fimmta grein (Almenn regla)
Íhlutun á heilbrigðissviðinu má því aðeins beita, að viðkomandi hafi áður gefið frjálst vitneskjusamþykki sitt.
Viðkomandi skulu fyrir fram gefnar viðeigandi upplýsingar um tilgang og eðli íhlutunarinnar, svo og um afleiðingar og áhættu henni samfara.
Viðkomandi er frjálst að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Article 6. (Protection of persons not able to consent)
1. Subject to Articles 17 and 20 below, an intervention may only be carried out on a person who does not have the capacity to consent, for his or her direct benefit.
2. Where, according to law, a minor does not have the capacity to consent to an intervention, the intervention may only be carried out with the authorisation of his or her representative or an authority or a person or body provided for by law.
The opinion of the minor shall be taken into consideration as an increasingly determining factor in proportion to his or her age and degree of maturity.
3. Where, according to law, an adult does not have the capacity to consent to an intervention because of a mental disability, a disease or for similar reasons, the intervention may only be carried out with the authorisation of his or her representative or an authority or a person or body provided for by law.
The individual concerned shall as far as possible take part in the authorisation procedure.

Sjötta grein (Verndun einstaklinga sem ekki eru hæfir til að veita samþykki)
1. Einstakling, sem ekki er hæfur til að veita samþykki, má því aðeins beita íhlutun, að það sé henni/honum beint til hagsbóta, háð ákvæðum sautjándu og tuttugustu greinar hér á eftir.
2. Hjá einstaklingi undir lögaldri, sem lögum samkvæmt er ekki hæfur til að veita samþykki fyrir íhlutun, má því aðeins beita henni, að fyrir liggi leyfi forráðamanns eða yfirvalda eða einstaklings eða hóps, sem lög mæla fyrir um.
Skoðun einstaklings undir lögaldri, skal í auknum mæli metið sem úrslitaatriði í hlutfalli við aldur og þroskastig hans/hennar.
3. Þegar fullorðinn einstaklingur telst, vegna geðhömlunar, sjúkdóms eða af svipuðum ástæðum, lögum samkvæmt ekki hæfur til þess að samþykkja íhlutun, má því aðeins beita íhlutuninni að fengið sé leyfi forráðamanns eða yfirvalda eða einstaklings eða hóps sem lög mæla fyrir um.
Viðkomandi einstaklingur skal taka þátt í aðgerðum, sem leiða til samþykkis, svo sem kostur er.

4. The representative, the authority, the person or the body mentioned in paragraphs 2 and 3 above shall be given, under the same conditions, the information referred to in Article 5.

5. The authorisation referred to in paragraphs 2 and 3 above may be withdrawn at any time in the best interests of the person concerned.

4. Forráðamaðurinn, yfirvöldin, einstaklingurinn eða hópurinn, sem nefnd eru í annarri og þriðju málsgrein hér að ofan, skulu við sömu skilyrði fá þær upplýsingar, sem nefndar eru í fimmtu grein.

5. Leyfisveitingu þá, sem vísað er til í annarri og þriðju málsgrein hér á undan, má draga til baka hvenær sem er, í þágu bestu hagsmuna þess sem hlut á að máli.

Article 7. (Protection of persons who have mental disorder)

Subject to protective conditions prescribed by law, including supervisory, control and appeal procedures, a person who has a mental disorder of a serious nature may be subjected, without his or her consent, to an intervention aimed at treating his or her mental disorder only where, without such treatment, serious harm is likely to result to his or her health.

Sjöunda grein (Vernd mannvera sem haldnar eru geðröskun)

Einstakling með alvarlega geðröskun má án samþykkis hans/hennar því aðeins beita íhlutun, sem ætlað er að meðhöndla geðröskunina, að líklegt sé að viðkomandi hljóti alvarlegan skaða á heilsu sinni, sé meðferðinni ekki beitt og að það sé gert við verndun skilyrði, sem mælt er fyrir um í lögum, þar með taldar aðferðir við eftirlit, stjórnun og málskot.

Article 8. (Emergency situation)

When because of an emergency situation the appropriate consent cannot be obtained, any medically necessary intervention may be carried out immediately for the benefit of the health of the individual concerned.

Áttunda grein (Neyðartilvik)

Þegar um neyðartilvik er að ræða og ekki er hægt að afla viðeigandi samþykkis, má tafarlaust beita hverri læknisfræðilega nauðsynlegri íhlutun til hagsbóta fyrir heilbrigði þess er í hlut á.

Article 9. (Previously expressed wishes)

The previously expressed wishes relating to a medical intervention by a patient who is not, at the time of the intervention, in a state to express his or her wishes shall be taken into account.

Níunda grein (Áður tjáðar óskir)

Sé sjúklingur ekki fær um að tjá óskir sínar um læknisfræðilega íhlutun, þegar henni skal beitt, en hann hefir áður tjáð óskir sínar í því efni, skal tekið tillit til þeirra óska.

CHAPTER III
Private life and right to information

ÞRIÐJI KAFLI
Einkalíf og réttur til að fá upplýsingar

Article 10. (Private life and right to information)

1. Everyone has the right to respect for private life in relation to information about his or her health.

2. Everyone is entitled to know any information collected about his or her health. However, the wishes of individuals not to be so informed shall be observed.

3. In exceptional cases, restrictions may be placed by law on the exercise of the rights contained in para-

Tíunda grein (Einkalíf og réttur til að fá upplýsingar)

1. Allir eiga rétt á að einkalíf þeirra sé virt, að því er varðar upplýsingar um heilbrigði þeirra.

2. Allir eiga rétt á að fá að vita um hverjar þær upplýsingar, sem safnað er um heilbrigði þeirra. Hins vegar skal virða óskir einstaklinga um það, að þeim verði ekki veittar upplýsingar á þennan hátt.

3. Í þágu sjúklingsins er í undantekningartilvikum í lögum hægt að takmarka beitingu þess réttar, sem

graph 2 in the interests of the patient.

CHAPTER IV
Human genome

Article 11. (Non-discrimination)
Any form of discrimination against a person on grounds of his or her genetic heritage is prohibited.

Article 12. (Predictive genetic tests)
Tests which are predictive of genetic diseases or which serve either to identify the subject as a carrier of a gene responsible for a disease or to detect a genetic predisposition or susceptibility to a disease may be performed only for health purposes or for scientific research linked to health purposes, and subject to appropriate genetic counselling.

Article 13. (Interventions on the human genome)
An intervention seeking to modify the human genome may only be undertaken for preventive, diagnostic or therapeutic purposes and only if its aim is not to introduce any modification in the genome of any descendants.

Article 14. (Non-selection of sex)
The use of techniques of medically assisted procreation shall not be allowed for the purpose of choosing a future child´s sex, except where serious hereditary sex-related disease is to be avoided.

CHAPTER V
Scientific research

Article 15. (General rule)
Scientific research in the field of biology and medicine shall be carried out freely, subject to the provisions of this Convention and the other legal provisions ensuring the protection of the human being.

Article 16. (Protection of persons undergoing research) Research on a person may only be undertaken if all the following conditions are met:

i) there is no alternative of comparable effectiveness to research on humans,

felst í annarri málsgrein.

FJÓRÐI KAFLI
Genamengi mannsins

Ellefta grein (Bann við mismunun)
Hvers kyns mismunun gegn einstaklingi vegna erfðauppruna hans/hennar er bönnuð.

Tólfta grein (Forspárerfðapróf)
Prófum, sem segja fyrir um erfðasjúkdóma eða koma að haldi annað hvort við að bera kennsl á þann er ber gen, sem veldur sjúkdómi eða við að uppgötva arfbundna hneigð til sjúkdóms eða næmi fyrir sjúkdómi, má aðeins beita í heilbrigðisskyni eða í vísindarannsóknum tengdum heilbrigðismarkmiðum og sé það háð því, að veitt sé viðeigandi erfðaráðgjöf.

Þrettánda grein (Íhlutun í genamengi mannsins)
Sé íhlutun ætlað er að breyta genamengi mannsins má aðeins beita henni í forvarnar-, lækninga- og greiningarskyni og þá því aðeins, að ætlunin sé ekki að valda breytingum á genamengi neinna afkomenda.

Fjórtánda grein (Bann við kynvali)
Eigi skal leyfa notkun læknisfræðilegrar tækniaðstoðar við æxlun, í því skyni að velja kyn þess barns sem í vændum er, nema að ætlunin sé að koma í veg fyrir alvarlegan kynbundinn erfðasjúkdóm.

FIMMTI KAFLI
Vísindarannsóknir

Fimmtánda grein (Almenn regla)
Frjálst skal að stunda vísindarannsóknir á sviði líffræði og læknisfræði og er það háð skilyrðum samnings þessa og annarra lögskipaðra ákvæða, sem tryggja vernd mannverunnar.

Sextánda grein (Verndun einstaklinga sem gangast undir rannsókn) Rannsókn á manni má aðeins gera ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

i. að ekki sé fyrir hendi annar kostur jafn virkur og rannsókn á mönnum,

ii) the risks which may be incurred by that person are not disproportionate to the potential benefits of the research,

iii) the research project has been approved by the competent body after independent examination of its scientific merit, including the importance of the aim of the research, and multidisciplinary review of its ethical acceptability,

iv) the persons undergoing research have been informed of their rights and the safeguards prescribed by law for their protection,

v) the necessary consent as provided for under Article 5 has been given expressly, specifically and is documented. Such consent may be freely withdrawn at any time.

Article 17. (Protection of persons not able to consent to research)

1. Research on a person without the capacity to consent as stipulated in Article 5 may be undertaken only if all the following conditions are met:

i. the conditions laid down in Article 16, sub-paragraphs (i) to (iv), are fulfilled;

ii. the results of the research have the potential to produce direct benefit to his or her health;

iii. research of comparable effectiveness cannot be carried out on individuals capable of giving consent;

iv. the necessary authorisation provided for under Article 6 has been given specifically and in writing, and

v. the person concerned does not object.

2. Exceptionally and under the protective conditions prescribed by law, where the research has not the potential to produce results of direct benefit to the health of the person concerned, such research may be authorised subject to the conditions laid down in paragraph 1, sub-paragraphs (i), (iii), (iv) and (v) above, and to the following additional conditions:

i. the research has the aim of contributing, through significant improvement in the scientific

ii. að áhættan, sem viðkomandi einstaklingur kallar yfir sig, sé ekki í öfugu hlutfalli við hugsanlegar hagsbætur af rannsókninni,

iii. að rannsóknaráætlunin hafi verið samþykkt af lögbærum hópi, að lokinni óháðri könnun á vísindagildi hennar, þar með talinn tilgangur rannsóknarinnar, og fjölgreinakönnun á siðfræðilegum aðgengileika hennar,

iv. að einstaklingarnir, sem gangast undir rannsóknina, hafi verið fræddir um réttindi þeirra og um öryggisráðstafanir til verndar þeim, sem lög mæla fyrir um,

v. að nauðsynlegt samþykki, sem mælt er fyrir um í fimmtu grein, hafi verið gefið skýlaust og sértækt og að það sé skjalfest. Slíkt samþykki má draga til baka hvenær sem er.

Sautjánda grein (Vernd einstaklinga sem ekki eru hæfir til að veita samþykki fyrir rannsókn)

1. Því aðeins má gera rannsókn á einstaklingi, sem ekki er hæfur til að veita samþykki það, sem mælt er fyrir um í fimmtu grein að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

i. að fullnægt sé skilyrðunum sem mælt er fyrir um í stafliðum i til iv í sextándu grein,

ii. að niðurstöður rannsóknarinnar geti mögulega orðið heilbrigði viðkomandi beint til hagsbóta,

iii. að ekki sé hægt að gera jafn virkar rannsóknir á einstaklingum, sem eru hæfir til að veita samþykki,

iv. að nauðsynlegt leyfi, sem mælt er fyrir um í sjöttu grein, hafi verið gefið sértækt og skriflega og

v. að viðkomandi mannvera mótmælir ekki.

2. Þegar niðurstöður rannsóknarinnar geta mögulega ekki orðið heilbrigði viðkomandi einstaklings beint til hagsbóta, má leyfa slíka rannsókn í undantekningartilvikum og háð verndarskilyrðum, sem mælt er fyrir um í lögum, að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðunum í fyrstu málsgrein, stafliðunum i, iii, iv og v hér að ofan og háð eftirfarandi viðbótarskilyrðum:

i. að takmark rannsóknarinnar sé að bæta marktækt vísindalegan skilning á ástandi, sjúkdómi

understanding of the individual's condition, disease or disorder, to the ultimate attainment of results capable of conferring benefit to the person concerned or to other persons in the same age category or afflicted with the same disease or disorder or having the same condition,

ii. the research entails only minimal risk and minimal burden for the individual concerned.

Article 18. (Research on embryos in vitro)

1. Where the law allows research on embryos in vitro, it shall ensure adequate protection of the embryo.

2. The creation of human embryos for research purposes is prohibited.

CHAPTER VI
Organ and tissue removal from living donors for transplantation purposes

Article 19. (General rule)

1. Removal of organs or tissue from a living person for transplantation purposes may be carried out solely for the therapeutic benefit of the recipient and where there is no suitable organ or tissue available from a deceased person and no other alternative therapeutic method of comparable effectiveness.

2. The necessary consent as provided for under Article 5 must have been given expressly and specifically either in written form or before an official body.

Article 20. (Protection of persons not able to consent to organ removal)

1. No organ or tissue removal may be carried out on a person who does not have the capacity to consent under Article 5.

2. Exceptionally and under the protective conditions prescribed by law, the removal of regenerative tissue from a person who does not have the capacity to consent may be authorised provided the following conditions are met :

i. there is no compatible donor available who has the capacity to consent,

eða röskun einstaklingsins, í því skyni endanlega að afla niðurstaðna, sem gætu orðið til hagsbóta fyrir viðkomandi einstakling eða aðra í sama aldursflokki eða eru haldnir sama sjúkdómi eða röskun eða búa við sama ástand,

ii. að rannsóknin feli aðeins í sér minniháttar áhættu og minniháttar álag fyrir viðkomandi einstakling.

Átjánda grein (Rannsóknir á fósturvísum í glasi)

1. Þar sem rannsóknir á fósturvísum í glasi eru leyfðar með lögum, skulu þau tryggja fósturvísinum nægjanlega vernd.

2. Myndun fósturvísa í vísindaskyni er bönnuð.

SJÖTTI KAFLI
Brottnám líffæra og vefja úr lifandi gjöfum í því skyni að flytja þau í aðra

Nítjánda grein (Almenn regla)

1. Brottnám líffæra eða vefs úr lifandi manni, í því skyni að flytja þau í aðra, má einvörðungu gera vegna lækninga til hagsbóta þeganum, þegar ekki er í boði neitt heppilegt líffæri eða vefur úr látnum manni og engin jafn virk valmeðferð er til.

2. Nauðsynlegt samþykki, sem mælt er fyrir um í fimmtu grein, verður að gefa skýlaust og sértækt, annað hvort skriflega eða fyrir opinberum aðilum.

Tuttugasta grein (Verndun einstaklinga sem ekki eru hæfir til að samþykkja brottnám líffæris)

1. Engin líffæri eða vefi má nema brott úr einstaklingi, sem ekki er hæfur til að veita samþykki í samræmi við fimmtu grein.

2. Hægt er að leyfa að vefur sem endurnýjar sig, sé numinn brott úr mannveru sem er ekki hæf til að veita samþykki, í undantekningartilvikum og háð verndarskilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum, að því tilskyldu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

i. að enginn samrýmanlegur gjafi er tiltækur, sem er hæfur til þess að veita samþykki,

ii. the recipient is a brother or sister of the donor,

iii. the donation must have the potential to be life-saving for the recipient,

iv. the authorisation provided for under paragraphs 2 and 3 of Article 6 has been given specifically and in writing, in accordance with the law and with the approval of the competent body,

v. the potential donor concerned does not object.

CHAPTER VII
Prohibition of financial gain and disposal of a part of the human body

Article 21. (Prohibition of financial gain)
The human body and its parts shall not, as such, give rise to financial gain.

Article 22. (Disposal of a removed part of the human body)
When in the course of an intervention any part of a human body is removed, it may be stored and used for a purpose other than that for which it was removed, only if this is done in conformity with appropriate information and consent procedures.

CHAPTER VIII
Infringements of the provisions of the Convention

Article 23. (Infringement of the rights or principles)
The Parties shall provide appropriate judicial protection to prevent or to put a stop to an unlawful infringement of the rights and principles set forth in this Convention at short notice.

Article 24. (Compensation for undue damage)
The person who has suffered undue damage resulting from an intervention is entitled to fair compensation according to the conditions and procedures prescribed by law.

Article 25. (Sanctions)
Parties shall provide for appropriate sanctions to be applied in the event of infringement of the provisions contained in this Convention.

ii. að þeginn er bróðir eða systir gjafans,

iii. að gjöfin feli í sér möguleika á að lífi þegans verði bjargað,

iv. að leyfið sem tiltekið er í annarri og þriðju málsgrein sjöttu greinar hafi verið gefin sértækt og skriflega, í samræmi við lögin og með samþykki lögbæra hópsins,

v. mögulegur gjafi mótmælir ekki.

SJÖUNDI KAFLI
Bann við fjáhagslegum ágóða og eyðing brottnumins líkamshluta

Tuttugsta og fyrsta grein (Bann við fjárhagslegum ágóða) Mannslíkaminn og hlutar hans skulu ekki vera uppspretta fjárhagslegs ágóða.

Tuttugasta og önnur grein (Eyðing brottnuminna líkamshluta)
Þegar einhver hluti líkamans er numinn brott meðan á íhlutun stendur, má því aðeins geyma hann og nota í öðrum tilgangi en ætlunin var við brottnámið, að beitt sé viðeigandi aðferðum við að veita upplýsingar og að afla samþykkis.

ÁTTUNDI KAFLI
Brot á ákvæðum samningsins

Tuttugasta og þriðja (Brot á réttindunum eða meginreglunum) Aðilar samningsins skulu sjá fyrir viðeigandi réttarvernd, til þess skjótlega að koma í veg fyrir eða stöðva ólögmæt brot á réttindunum og á meginreglunum, sem sett eru fram í samningi þessum.

Tuttugasta og fjórða grein (Bætur fyrir ótilhlýðilegt tjón) Einstaklingur, sem orðið hefir fyrir ótilhlýðilegu tjóni vegna íhlutunar, á rétt á sanngjörnum bótum samkvæmt þeim skilyrðum og á þann hátt, sem lög mæla fyrir um.

Tuttugasta og fimmta grein (Viðurlög)
Aðilar samningsins skulu setja viðurlög við hæfi, sem beitt verði, ef brotið er gegn ákvæðunum í þessum samningi.

CHAPTER IX
Relation between this Convention and other provisions

Article 26. (Restrictions on the exercise of the rights)

1. No restrictions shall be placed on the exercise of the rights and protective provisions contained in this Convention other than such as are prescribed by law and are necessary in a democratic society in the interest of public safety, for the prevention of crime, for the protection of public health or for the protection of the rights and freedoms of others.

2. The restrictions contemplated in the preceding paragraph may not be placed on Articles 11, 13, 14, 16, 17, 19, 20 and 21.

Article 27. (Wider protection)

None of the provisions of this Convention shall be interpreted as limiting or otherwise affecting the possibility for a Party to grant a wider measure of protection with regard to the application of biology and medicine than is stipulated in this Convention.

CHAPTER X
Public debate

Article 28. (Public debate)

Parties to this Convention shall see to it that the fundamental questions raised by the developments of biology and medicine are the subject of appropriate public discussion in the light, in particular, of relevant medical, social, economic, ethical and legal implications, and that their possible application is made the subject of appropriate consultation.

CHAPTER XI
Interpretation and follow-up of the Convention

Article 29. (Interpretation of the Convention)

The European Court of Human Rights may give, without direct reference to any specific proceedings pending in a court, advisory opinions on legal ques-

NÍUNDI KAFLI
Tengsl þessa samnings og annarra ákvæða

Tuttugasta og sjötta grein (Takmarkanir á beitingu réttindanna)

1. Engar takmarkanir skal setja á beitingu réttindanna og verndarákvæðanna sem felast í samningi þessum, aðrar en þær sem mælt er fyrir um í lögum og nauðsynlegar eru í lýðræðissamfélagi í þágu almannaöryggis, til þess að koma í veg fyrir afbrot, til þess að vernda heilbrigði almennings eða til þess að verja réttindi og frelsi annarra.

2. Takmörkunum, sem gert er ráð fyrir í málsgreininni hér á undan, má ekki beita á elleftu, þrettándu, fjórtándu, sextándu, sautjándu, nítjándu, tuttugustu, og tuttugustu og fyrstu grein.

Tuttugasta og sjöunda grein (Víðtækari vernd)

Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlka þannig, að það takmarki eða hafi önnur áhrif á möguleika samningsaðila, til þess að veita víðtækari vernd en mælt er fyrir í samningi þessum, að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði.

TÍUNDI KAFLI
Opinber umræða

Tuttugasta og áttunda grein (Opinber umræða)

Aðilar samningsins skulu sjá til þess, að grunnspurningarnar, sem þróun líffræði og læknisfræði vekja, fái viðeigandi opinbera umræðu, sérstaklega í ljósi tilhlýðilegra læknisfræðilegra, félagslegra, efnahagslegra, siðfræðilegra og lagalegra vísbendinga og að hugsanleg beiting þeirra fái viðeigandi umfjöllun.

ELLEFTI KAFLI
Túlkun samningsins og hvernig honum skal fylgt eftir

Tuttugasta og níunda grein (Túlkun samningsins)

Mannréttindadómstóll Evrópu getur án beinnar vísunar til nokkurs málareksturs fyrir dómstóli, látið uppi skoðun sína til ráðgjafar um lögfræðileg vafamál að

tions concerning the interpretation of the present Convention at the request of:

- the Government of a Party, after having informed the other Parties,

- the Committee set up by Article 32, with membership restricted to the Representatives of the Parties to this Convention, by a decision adopted by a two-third majority of votes cast.

Article 30. (Reports on the application of the Convention)
On receipt of a request from the Secretary General of the Council of Europe any Party shall furnish an explanation of the manner in which its internal law ensures the effective implementation of any of the provisions of the Convention.

CHAPTER XII
Protocols

Article 31. (Protocols)
Protocols may be concluded in pursuance of Article 32, with a view to developing, in specific fields, the principles contained in this Convention.
The Protocols shall be open for signature by Signatories of the Convention. They shall be subject to ratification, acceptance or approval. A signatory may not ratify, accept or approve Protocols without previously or simultaneously ratifying accepting or approving the Convention.

CHAPTER XIII
Amendments to the Convention

Article 32. (Amendments to the Convention)
1. The tasks assigned to "the Committee" in the present Article and in Article 29 shall be carried out by the Steering Committee on Bioethics (CDBI), or by any other committee designated to do so by the Committee of Ministers.
2. Without prejudice to the specific provisions of Article 29, each member State of the Council of Europe, as well as each Party to the present Convention which is not a member of the Council of Europe

því er varðar túlkun þessa samnings, þegar eftirtaldir óska eftir því:

- stjórn aðildarríkis, þegar hún hefir látið hin aðildarríkin vita,

- nefndin, sem sett er á stofn samkvæmt þrítugustu og annarri grein og er aðild einskorðuð við fulltrúa aðildarríkja samningsins og skal samþykktin hljóta tvo þriðju hluta greiddra atkvæða (eða meira).

Þrítugasta grein (Skýrslur um framkvæmd samningsins)
Aðildarríki samningsins skulu skýra frá því með hverjum hætti landslög tryggja raunhæfa framkvæmd sérhverra ákvæða samnings þessa, þegar þau fá ósk þar um frá Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

TÓLFTI KAFLI
Viðbótarsamningar

Þrítugasta og fyrsta grein (Viðbótarsamningar)
Hægt er að gera viðbótarsamninga í samræmi við þrítugustu og aðra grein, í því skyni að þróa meginreglurnar í samningi þessum á nánar tilgreindum sviðum.
Viðbótarsamningar skulu liggja frammi til undirritunar fyrir samningsaðila. Þá skal fullgilda, viðurkenna eða samþykkja. Samningsaðili getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt viðbótarsamninga nema hafa áður, eða samtímis, fullgilt samninginn.

PRETTÁNDI KAFLI
Breytingar á samningnum

Þrítugasta og önnur grein (Breytingar á samningnum)
1. Verkefnin, sem ætluð eru "nefndinni" í þessari grein og í tuttugustu og níundu grein, skal Fastanefndin um lífsiðfræði (CDBI) annast eða hver sú nefnd önnur sem Ráðherranefndin tilnefnir.

2. Án þess að skert séu sértæku ákvæðin í tuttugustu og níundu grein, getur hvert aðildarríki Evrópuráðsins, svo og hver aðili þessa samnings, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, átt fulltrúa og farið með eitt atkvæði í

may be represented and have one vote in the Committee when the Committee carries out the tasks assigned to it by the present Convention.

3. Any State referred to in Article 33 or invited to accede to the Convention in accordance with the provisions of Article 34 which is not Party to this Convention may be represented on the Committee by an observer. If the European Community is not a Party it may be represented on the Committee by an observer.

4. In order to monitor scientific developments, the present Convention shall be examined within the Committee no later than five years from its entry into force and thereafter at such intervals as the Committee may determine.

5. Any proposal for an amendment to this Convention, and any proposal for a Protocol or for an amendment to a Protocol, presented by a Party, the Committee or the Committee of Ministers shall be communicated to the Secretary General of the Council of Europe and forwarded by him to the member States of the Council of Europe, to the European Community, to any Signatory, to any Party, to any State invited to sign this Convention in accordance with the provisions of Article 33 and to any State invited to accede to it in accordance with the proprovisions of Article 34.

6. The Committee shall examine the proposal not earlier than two months after it has been forwarded by the Secretary General in accordance with paragraph 5. The Committee shall submit the text adopted by a two-thirds majority of the votes cast to the Committee of Ministers for approval. After its approval, this text shall be forwarded to the Parties for ratification, acceptance or approval.

7. Any amendment shall enter into force, in respect of those Parties which have accepted it, on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which five Parties, including at least four member States of the Council of

nefndinni, þegar hún annast verkefni þau, sem henni eru falin með þessum samningi.

3. Sérhvert ríki, sem vísað er til í þrítugustu og þriðju grein eða ríki, sem ekki er aðili að samningnum og boðið er að gerast aðili að samningnum í samræmi við ákvæði þrítugustu og fjórðu greinar, getur átt aðild að nefndinni, með því að eiga þar áheyrnarfulltrúa. Ef Evrópusambandið er ekki aðili að samningnum, getur það átt aðild að nefndinni, með því að eiga þar áheyrnarfulltrúa.

4. Í því skyni að fylgjast með vísindaþróun skal nefndin endurskoða þennan samning eigi síðar en fimm árum eftir að hann tekur gildi og síðan á því bili, sem nefndin kann að ákveða.

5. Sérhverja tillögu um breytingu á samningi þessum og sérhverja tillögu um viðbótarsamning eða um breytingu á viðbótarsamningi, sem borin er fram af samningsaðila, nefndinni eða Ráðherranefndinni, skal senda Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og skal hann senda þær áfram til aðildarríkja Evrópuráðsins, Evrópusambandsins, til hvers þess aðila, sem undirritað hefir samninginn, til allra samningsaðila og til hvers þess ríkis, sem boðið hefir verið að undirrita samning þennan í samræmi við þrítugustu og þriðju grein og til hvers þess ríkis, sem boðið hefir verið að gerast aðili að honum í samræmi við ákvæði þrítugustu og fjórðu greinar.

6. Nefndin skal fjalla um tillöguna eigi fyrri en tveimur mánuðum eftir að hún hefir verið send áfram af aðalframkvæmdastjóranum í samræmi við fimmtu málsgrein. Skal hún hljóta tvo þriðju hluta greiddra atkvæða (eða meira) og skal þá senda textann til ráðherranefndarinnar til samþykktar. Þegar hún hefir samþykkt hann, skal senda texta þennan til aðildarríkjanna til fullgildingar, viðurkenningar eða samþykktar.

7. Sérhver breyting tekur gildi, að því er varðar þá samningsaðila, sem hafa viðurkennt hana, á fyrsta degi þess mánaðar, er hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að fimm aðilar hið minnsta, þar með talin að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðs-

Europe, have informed the Secretary General that they have accepted it.

In respect of any Party which subsequently accepts it, the amendment shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which that Party has informed the Secretary General of its acceptance.

ins, hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um viðurkenningu sína.

Að því er varðar hvern þann samningsaðila annan, sem síðar viðurkennir breytingu, skal hún taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar, sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi, að samningsaðilinn hefir tilkynnt um viðurkenningu sína til Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

CHAPTER XIV
Final clauses

Article 33. (Signature, ratification and entry into force)

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe, the non-member States which have participated in its elaboration and by the European Community.

2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

3. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 2 of the present Article.

4. In respect of any Signatory which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 34. (Non-member States)

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may, after consultation of the Parties, invite any non-member State of the Council of Europe to accede to this Convention by a decision taken by the majority provided for in Article 20, sub-paragraph d of the

FJÓRTÁNDI KAFLI
Lokaákvæði

Þrítugasta og þriðja grein (Undirritun, fullgilding og gildistaka)

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, þau ríki sem ekki eru aðildarríki Evrópuráðsins og hafa tekið þátt í að semja hann og Evrópusambandið.

2. Samning þennan skal fullgilda, viðurkenna eða samþykkja. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu vera í vörslu Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Samningur þessi skal taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar, er hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að fimm ríki, þar með talin að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst samþykki sínu við að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði annarrar málsgreinar þessarar greinar.

4. Að því er varðar hvern annan aðila, sem síðar lætur í ljósi samþykki sitt við að vera bundinn af honum, skal samningurnn gilda frá fyrsta degi þess mánaðar, er hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjölum hefir verið komið í vörslu.

Þrítugasta og fjórða grein (Ríki utan Evrópuráðsins)

1. Eftir að samningur þessi hefir tekið gildi, getur Ráðherranefnd Evrópuráðsins, eftir samráð við samningsaðilana, boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, að gerast aðili að samningi þessum, samkvæmt ákvörðun er tekin er með þeim meirihluta, sem tilskilinn er í d-lið tuttugustu greinar Stofnskrár

Statute of the Council of Europe, and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee of Ministers.

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 35. (Territories)

1. Any Signatory may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply. Any other State may formulate the same declaration when depositing its instrument of accession.

2. Any Party may, at any later date, by a declaration adressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs my, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 36. (Reservations)

1. Any State and the European Community may, when signing this Convention or when depositing the instrument of ratification, make a reservation in respect of any particular provision of the Convention to the extent that any law then in force in its territory is not in conformity with the provision. Reservations of a general character shall not be permitted under this article.

Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa samningsríkjanna, sem rétt eiga til setu í ráðherranefndinni.

2. Að því er varðar hvert það ríki sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar, er hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að aðildarskjali hefir verið komið í vörslu Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Þrítugasta og fimmta grein (Landsvæði)

1. Sérhver samningsaðili getur við undirritun eða þegar fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal er afhent, tilgreint það eða þau landsvæði, sem samningur þessi skal ná til. Sérhvert annað ríki getur sett fram sömu yfirlýsingu, þegar það afhendir aðildarskjal sitt.

2. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, látið beitingu samnings þessa ná til hvers annars landsvæðis, er tilgreint er í yfirlýsingunni og samningsaðilinn ber ábyrgð á alþjóðlegum skiptum þess eða hefir heimild til að skuldbinda það. Að því er varðar slík landsvæði, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar, er hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að aðalframkvæmdastjórinn hefir móttekið slíka yfirlýsingu.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, að aðalframkvæmdastjóranum barst tilkynningin.

Þrítugasta og sjötta grein (Fyrirvarar)

1. Sérhvert aðildarríki og Evrópusambandið geta gert fyrirvara um hvert einstakt ákvæði samningsins við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingarskjals, að því marki sem lög er gilda á landsvæði þess eru ekki í samræmi við ákvæðið. Fyrirvarar almenns eðlis skulu ekki leyfðir samkvæmt þessari grein.

2. Any reservation made under this article shall contain a brief statement of the relevant law.

3. Any Party which extends the application of this Convention to a territory mentioned in the declaration referred to in Article 35, paragraph 2, may, in respect of the territory concerned, make a reservation in accordance with the provisions of the preceding paragraphs.

4. Any Party which has made the reservation mentioned in this Article may withdraw it by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of its receipt by the Secretary General.

Article 37. (Denunciation)

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 38. (Notifications)

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council, the European Community, any Signatory, any Party and any other State which has been invited to accede to this Convention of:

a any signature;

b the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 33 or 34;

d any amendment or Protocol adopted in accordance with Article 32, and the date on which such an amendment or Protocol enters into force;

e any declaration made under the provisions of Article 35;

2. Sérhverjum fyrirvara, sem gerður er samkvæmt þessari grein, skal fylgja stutt yfirlýsing um viðkomandi lög.

3. Hver sá samningsaðili, sem lætur samninginn gilda fyrir landsvæði, sem nefnt er í annarri málsgrein þrítugustu og fimmtu greinar, má að því er varðar umrædd landsvæði, gera fyrirvara í samræmi við ákvæðin hér næst á undan.

4. Hver sá samningsaðili, sem gert hefir fyrirvarann, sem nefndur er í þessari grein, getur afturkallað hann með yfirlýsingu, sem stíluð er á Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin skal taka gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi, að aðalframkvæmdastjóranum barst tilkynningin.

Þrítugasta og sjöunda grein (Uppsagnir)

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi að aðalframkvæmdastjóranum barst tilkynningin.

Þrítugasta og áttunda grein (Tilkynningar)

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins, Evrópusambandinu, hverjum þeim sem hefir undirritað samninginn, hverjum samningsaðila og hverju öðru ríki, sem hefir verið boðið að gerast aðili að samningi þessum,

a. um sérhverja undirritun,

b. um afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals,

c. um sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt þrítugustu og þriðju og þrítugustu og fjórðu grein,

d. um sérhverja breytingu á viðbótarsamningi, sem gerð er samkvæmt þrítugustu og annarri grein og á hvaða degi slík breyting tekur gildi,

e. um sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt þrítugustu og fimmtu grein,

f any reservation and withdrawal of reservation made in pursuance of the provisions of Article 36;

g any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at ....., the ....., (*) in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the European Community, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to this Convention.

(*) The date of the opening of this Convention for signature will be fixed later on by the Committee of Ministers.

f. um sérhvern fyrirvara og afturköllun fyrirvara, sem gerð eru í samræmi við ákvæði þrítugustu og sjöttu greinar,

g. um hverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa neðanritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í ... þann ... á ensku og á frönsku, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og skulu báðir textarnir jafn gildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins, til Evrópusambandsins, til ríkja er hafa tekið þátt í að semja samning þennan og ekki eru aðildarríki Evrópuráðsins og til sérhvers ríkis, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum.

Íslensk þýðing: Örn Bjarnason
í nóvember 1996

Tillögur að frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga
(með breytingartillögum Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðiskerfinu og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga, lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Lög þessi taka, eftir því sem við á, einnig til heilbrigðra einstaklinga, sem leita til heilbrigðiskerfisins.

2. gr.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Hagsmunir og velferð sjúklinga skulu vera fremri hagsmunum samfélags og vísinda.

Skilgreiningar

3. gr.

Sjúklingur: Einstaklingur sem haldinn er sjúkdómi eða býr við annað heilbrigðisvandamál og leitar eftir þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Heilbrigðisstarfsmenn: Þeir sem beint eða óbeint taka þátt í að veita sjúklingi heilbrigðisþjónustu, án tillits til þess hvort þeir hafa hlotið löggildingu til slíkra starfa eða ekki.

Heilbrigðisþjónusta: Þjónusta sem heilbrigðisstarfsmenn veita til að koma í veg fyrir sjúkdóma eða greina þá eða til þess að lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúklinga.

Íhlutun: Einstök afskipti heilbrigðisstarfsmanns af sjúklingi í forvarnar-, greiningar-, meðferðar-, endurhæfingar- eða vísindaskyni.

Meðferð: Íhlutanir og umönnun veitt í því skyni, að bæta heilsu sjúklings eða hafa áhrif á sjúkdóm eða annað heilbrigðisvandamál hans.

Vísindarannsókn á heilbrigðissviði: Íhlutun og prófun gerð á mönnum, svo og könnun, söfnun og notkun gagna og eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að auka þekkingu í viðkomandi fræðigrein.

II. KAFLI
Meginreglur um réttindi sjúklings.

4. gr.

Sjúklingur skal eiga kost á bestu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

Sjúklingur á rétt á óvilhöllum aðgangi að þjónustunni og skal tekið mið af heilbrigðisþörfum hans og tiltækum úrræðum.

5. gr.

Sjúklingur á rétt á heilbrigðisþjónustu, sem miðast við bestu þekkingu sem völ er á og við ástand hans og horfur á hverjum tíma.

Sjúklingur á rétt á samfelldri heilbrigðisþjónustu og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að þjónustunni.

6. gr.

Sjúklingur á rétt á því, að sérhverri íhlutun og meðferð á heilbrigðissviðinu sé beitt samkvæmt viðeigandi starfsskyldum og starfsstöðlum.

Sjúklingur á rétt á því, að ákveða sjálfur, hvort hann gerist þáttakandi í vísindarannsókn á heilbrigðissviði.

7. gr.

Sjúklingur á rétt á því, að hann sé ekki beittur neinni íhlutun á heilbrigðissviði, nema fyrir liggi samþykki hans eða lögráðamanns og sé það gefið af fúsum og frjálsum vilja, ef landslög bjóða ekki annað.

Sjúklingur, eða lögráðamaður hans, á rétt á því að draga samþykkið til baka hvenær sem er.

8. gr.

Sjúklingur á rétt á fullnægjandi upplýsingum um heilsufar sitt, íhlutanir, meðferð og önnur hugsanleg úrræði.

Sjúklingur á rétt á því, að honum verði ekki veittar slíkar upplýsingar, óski hann eftir því.

Sjúklingur á rétt á því, að fá að vita um hverjar þær upplýsingar, sem safnað er um heilsufar hans og hann á rétt á óvilhöllum aðgangi að hverjum þeim gögnum, sem til eru um hann á heilbrigðissviðinu.

9. gr.

Sjúklingur á rétt á því að leita til þess læknis, sem honum hentar best og hann á rétt á að fá álit annars læknis á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum.

10. gr.

Sjúklingur á rétt á því, að þjáningar hans séu linaðar eins og þekking og önnur úrræði á hverjum tíma frekast leyfa.

Sjúklingur á rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings.

11. gr.

Sjúklingur á rétt á að fá að deyja með virðingu og reisn.

III. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal sjá til þess að til séu upplýsingar um rétt-

indi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar.

Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum.

IV. KAFLI

Upplýsingar, samþykkt eða höfnun íhlutunar og meðferðar o.fl.

Upplýsingar til sjúklings eða lögráðamanns

13. gr.

Læknar, og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eftir því sem við á, skulu gefa sjúklingi eða lögráðamanni hans viðhlítandi upplýsingar um:

a. heilsufar sjúklings, þar á meðal upplýsingar um greiningu og meðferð, ástand og batahorfur,

b. fyrirhugaða íhlutun eða meðferð, þar á meðal um tilgang og eðli, áhættu og hugsanlegar afleiðingar þeim samfara,

c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða íhlutun eða meðferð og afleiðingar þess ef ekki yrði gripið til þeirra.

14. gr.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar skv. 13. gr. hafi verið gefnar.

Upplýsingar skv. 13. gr. skulu gefnar jafnóðum og tilefni gefst og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur, sem ekki talar íslensku eða notar táknmál, skal honum tryggð túlkun á upplýsingum skv. 13. gr.

Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar.

15. gr.

Upplýsingar skv. 13. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert.

Sjúklingur getur tilnefnt annan aðila til að taka við upplýsingunum í sinn stað.

Þess skal getið í sjúkraskrá ef sjúklingur neitar að fá upplýsingar um heilsufar og batahorfur eða tilnefnir annan í sinn stað. Jafnframt skal skrá þar hverjum upplýsingarnar voru gefnar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar og 39. gr.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 13. gr. skulu þær veittar nánasta vandamanni eða lögráðamanni.

Verndun þeirra, sem ekki eru hæfir til að veita samþykki fyrir íhlutun eða meðferð.

16. gr.

Ákvæði lögræðislaga nr. 68/1984 gilda um samþykki fyrir íhlutun eða meðferð hjá sjúklingum sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um íhlutun eða meðferð. Eftir því sem kostur er skulu þessir einstaklingar hafðir með í ráðum. Einstakling með alvarlega geðröskun má án samþykkis hans því aðeins beita íhlutun eða meðferð, sem ætlað er að meðhöndla geðröskunina, að líklegt sé að viðkomandi verði fyrir alvarlegum skaða á heilsu sinni, sé íhlutuninni eða meðferðinni ekki beitt.

Einstakling, sem ekki er hæfur til að veita samþykki, má að fengnu samþykki lögráðamanns því aðeins beita íhlutun eða meðferð, að það sé sjúklingi beint til hagsbóta.

Höfnun íhlutunar eða meðferðar á heilbrigðissviði.

17. gr.

Virða skal rétt sjúklings til að hafna íhlutun og meðferð á heilbrigðissviði.

Nú hafnar sjúklingur íhlutun eða meðferð og skal þá læknir, og eftir atvikum annar heilbrigðisstarfsmaður, upplýsa hann um afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Hið sama gildir vilji sjúklingur stöðva íhlutun, sem þegar er hafin.

Lögráðamaður sjúklings getur hafnað íhlutun og meðferð eða dregið fyrra samþykki til baka, ef hann telur það vera í þágu bestu hagsmuna sjúklings. Ef heilbrigðisstarfsmaður, sem ábyrgur er fyrir greiningu eða meðferð, er ósammála ákvörðun lögráðamanns getur hann vísað málinu til dómstóla.

Um höfnun íhlutunar eða meðferðar hjá sjúku barni gildir 40. gr.

Í sjúkraskrá skal færa ákvörðun sjúklings eða lögráðamanns um að hafna íhlutun eða meðferð eða stöðva hana og skal formlega skjalfest, að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar ákvörðunarinnar.

Undanþágur frá meginreglunni um samþykki fyrir íhlutun og meðferð.

Neyðartilvik

18. gr.

Sé sjúklingur ekki fær um að tjá óskir sínar um læknisfræðilega íhlutun eða meðferð, þegar henni skal beitt, en hann hefir áður ótvírætt tjáð óskir sínar í því efni, skulu þær óskir virtar.

Þegar um neyðartilvik er að ræða og ekki er hægt að afla viðeigandi samþykkis vegna þess að sjúklingur er meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig, að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn, má tafarlaust beita læknisfræðilega nauðsynlegri íhlutun eða meðferð til hagsbóta fyrir sjúklinginn, nema fyrir liggi ótvíræð fyrirmæli um hið gagnstæða skv. 1. mgr.

Ákvörðun um íhlutun og meðferð við lok lífs.

19. gr.

Sé sjúklingur, sem nálgast endalok lífs síns, of veikur andlega eða líkamlega, til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um íhlutun eða meðferð, skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt, áður en hann ákveður hvort beita eða stöðva skuli íhlutun eða meðferð.

V. KAFLI

Notkun brottnumins hluta líkamans í vísindarannsóknum og þáttaka sjúklings í þjálfun og kennslu nemenda.

Bann við misnotkun brottnumins hluta líkamans.

20. gr.

Þegar líkamsvökvar, frumur, vefir eða líffæri eru numin brott, má geyma þau og nota í vísindaskyni á heilbrigðissviði, ef gætt er ákvæða 26. gr. og beitt er viðeigandi aðferðum við

að veita sjúklingum upplýsingar og að afla samþykkis þeirra.

Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda.

21. gr.

Leita skal samþykkis sjúklings fyrir því, að taka þátt í þjálfun og kennslu nemenda á heilbrigðissviði.

Heimilt er að nota brottnumda hluta líkamans við kennslu, ef beitt er viðeigandi aðferðum við að veita sjúklingi upplýsingar og afla samþykkis hans.

VI. KAFLI
Genamengi mannsins.

Bann við mismunun og forspárerfðaprófi

22. gr

Bönnuð er hvers kyns mismunun gegn einstaklingi vegna erfðauppruna hans.

23. gr.

Prófum, sem segja fyrir um erfðasjúkdóma eða koma að haldi, annað hvort við að bera kennsl á þann er ber gen, sem veldur sjúkdómi, eða við að uppgötva arfbundna hneigð til sjúkdóms eða næmi fyrir sjúkdómi, má aðeins beita í heilbrigðisskyni eða í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði. Sé það háð því, að veitt sé viðeigandi erfðaráðgjöf, ef eftir henni er leitað og gætt skal ákvæða 2. mgr. 8. gr.

Íhlutun í genamengi mannsins

24. gr.

Íhlutun, sem ætlað er að breyta genamengi mannsins má aðeins beita í forvarnar-, lækninga- og greiningarskyni og þá því aðeins, að það valdi ekki breytingum á genamengi neinna afkomenda.

Bann við kynvali

25. gr.

Bönnuð er notkun læknisfræðilegrar tækniaðstoðar við æxlun, í því skyni að velja kyn þess barns sem í vændum er, nema að ætlunin sé að koma í veg fyrir alvarlegan kynbundinn erfðasjúkdóm.

VII. KAFLI
Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Almenn ákvæði.

26. gr.

Heimilt er að stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviðinu, að fengnu mati óháðra aðila og úrskurði þeirra um siðfræðileg og vísindaleg álitaefni. Einnig skal afla leyfis réttra yfirvalda fyrir rannsókninni.

Sjúklingur skal fyrir fram, skýlaust og sértækt, samþykkja þátttöku í vísindarannsókn. Skal það gert skriflega, en verði því ekki við komið skal samþykkið formlega skjalfest á viðeigandi hátt.

Áður en samþykkið er veitt skal munnlega og skriflega gefa sjúklingi ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, um áhættu sem henni kann að fylgja, um hugsanlegan ávinning

og um það í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn, að hann geti hvenær sem er dregið samþykkið til baka og að hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

Verndun sjúklinga sem gangast undir vísindarannsókn

27. gr.

Vísindarannsókn á sjúklingi má aðeins gera ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. að vísindaleg rannsóknaráætlun hafi fengið viðhlítandi mat skv. 1. mgr. 26. gr.,

b. að þeir, sem gangast undir rannsóknina, hafi verið fræddir um réttindi sín og um öryggisráðstafanir til verndar þeim, sem lög og eðli máls segja fyrir um,

c. að nauðsynlegs samþykkis, sem mælt er fyrir í 2. mgr. 26. gr., hafi verið aflað.

Verndun sjúklinga sem ekki eru hæfir til að veita samþykki fyrir vísindarannsókn

28. gr.

Því aðeins má gera vísindarannsókn á sjúklingi, sem ekki er hæfur til að veita samþykki það, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr., ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. að farið sé eftir ákvæðunum í stafliðum a og b í 27. gr.,

b. að niðurstöður rannsóknarinnar geti mögulega orðið heilbrigði viðkomandi beint til góðs,

c. að engar jafn árangursríkar rannsóknir verði gerðar á einstaklingum, sem eru hæfir til að veita samþykki,

d. að sjúklingur sé hafður með í ráðum eftir því sem kostur er

e. að foreldri eða annar lögráðamaður sjúklings hafi gefið nauðsynlegt samþykki skv. 2. mgr. 26. gr. og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 26. gr.,

Foreldri eða lögráðamaður getur hvenær sem er dregið samþykki sitt til baka og skal þá lokið þátttöku í rannsókninni, ef hafin er.

Í undantekningartilvikum má leyfa vísindarannsókn, þótt mögulegt sé, að það sé viðkomandi sjúklingi ekki beint til hagsbóta, að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðunum í 1. mgr., stafliðunum a, c, d og e hér að ofan og háð eftirfarandi viðbótarskilyrðum:

f. að rannsóknin hafi að markmiði að bæta marktækt vísindalegan skilning á sjúkdómi eða öðru heilbrigðisvandamáli einstaklingsins, í því skyni að afla niðurstaðna, sem gætu orðið til hagsbóta fyrir viðkomandi sjúkling eða aðra með sams konar heilbrigðisvandamál,

g. að rannsóknin feli aðeins í sér minniháttar áhættu og minniháttar álag fyrir viðkomandi einstakling.

VIII. KAFLI

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Þagnarskylda starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni.

29. gr.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustunni skal gæta þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og aðrar persónulegar upplýsingar.

Þagnarskyldan helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

30. gr.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að ljóstra upp einkamálum, sem sjúklingur hefir skýrt honum frá eða hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, nema með leyfi sjúklings eða lögráðamanns hans, eftir úrskurði dómara eða skv. lagaboði.

Um undanþágu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu frá vitnaskyldu gilda ákvæði læknalaga nr. 53/1988 með síðari breytingum, sbr. 6. gr. laga nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, sbr. einnig 5. tölulið 52. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 52. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI

Upplýsingar í sjúkraskrá og athugasemdir við þær.

Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá

31. gr.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hana færa á eigin starfsstofum.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá, að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni, í heild eða að hluta, sé þess óskað. Afrit skrárinnar eða hluta hennar skal afhent, óski sjúklingur eða umboðsmaður þess. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt fjalla um athugasemdir eða kvartanir sjúklings eða umboðsmanns vegna íhlutunar eða meðferðar.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda að öðru leyti ákv. læknalaga nr. 53/1988 með síðari breytingum eftir því sem við á.

32. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál.

Nú krefst framkvæmd vísindarannsóknar aðgangs að sjúkraskrám og er þá þeim sem að rannsókninni standa heimill aðgangur að skránum, enda hafi verið fengin viðeigandi leyfi þeirra sem ábyrgð bera á skránum og rannsóknin uppfylli skilyrði um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sbr. VII. kafla

Sé sjúkraskrá skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og gætt skal ákvæða 1. mgr.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.

33. gr.

Nú telur sjúklingur eða lögráðamaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans færðar í skrána.

X. KAFLI

Þjónusta við sjúkling og gæði þjónustunnar.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.

34. gr.

Sjúklingur á rétt á því, að einkalíf hans sé virt og heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu.

Að þjónustu við sjúkling skulu ekki koma aðrir en þeir sem nauðsynlega þurfa.

Bið eftir þjónustu.

35. gr.

Þurfi sjúklingur að bíða eftir þjónustu skal heilbrigðisstarfsmaður, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Ef unnt er að fá þjónustu, sem sjúklingur þarfnast, fyrr hjá annarri heilbrigðisstofnun eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni, er skylt að gera honum grein fyrir því.

Forgangsröðun.

36. gr.

Forgangsröðun innan heilbrigðisþjónustunnar skal byggð á læknisfræðilegum og siðfræðilegum forsendum og eftir atvikum á öðrum faglegum sjónarmiðum.

Reglur um innlögn og útskrift.

37. gr.

Við komu á heilbrigðisstofnun skal kynna fyrir sjúklingi reglur og venjur, sem gilda á stofnuninni og máli skipta. Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða læknir beri meginábyrgð á meðferð hans.

Áður en að útskrift sjúklings kemur, skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð heimaþjónusta eða önnur úrræði, eftir því sem þörf er á og unnt er.

Nærvera fjölskyldu og vina.

38. gr.

Stuðlað skal að því, að sjúklingur geti notið stuðnings og nærveru fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á vistun í heilbrigðisstofnun stendur.

XI. KAFLI

Sérreglur um þjónustu við sjúk börn.

Upplýsingar um heilsufar og þjónustu við sjúk börn.

39. gr.

Ef sjúklingur er undir sjálfræðisaldri skulu upplýsingar skv. 13. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldri eða lögráðamanni.

Eftir því sem kostur er, skulu sjúk börn höfð með í ráðum og skulu skoðanir þeirra í auknum mæli metnar sem úrslitaatriði í hlutfalli við aldur og þroskastig.

Sjúk börn eiga sama rétt og aðrir á að hafna því að fá upplýsingar skv. 15. gr.

Samþykki fyrir íhlutun eða meðferð hjá sjúku barni.

40. gr.

Foreldri eða annar lögráðamaður skulu veita samþykki fyrir íhlutun og meðferð hjá sjúklingi undir sjálfræðisaldri.

Foreldri og annar lögráðamaður barns getur hafnað íhlutun og meðferð eða dregið fyrra samþykki til baka, telji foreldrið eða annar lögráðamaður að það sé í þágu bestu hagsmuna barnsins.

Sé heilbrigðisstarfsmaður ósammála ákvörðun foreldris eða lögráðamanns getur hann vísað málinu til barnaverndarnefndar, sbr. lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

Vinnist ekki tími til að leita úrskurðar barnaverndaryfirvalda skv. 3. mgr., vegna þess að beita þarf lífsnauðsynlegri bráðri íhlutun eða meðferð hjá sjúku barni, er heilbrigðisstarfsmanni, sem ábyrgð ber á íhlutun eða meðferð, skylt að hafa heilbrigði barnsins að leiðarljósi og grípa tafarlaust til íhlutunar og/eða meðferðar.

Ýmsar reglur um sjúk börn.

41. gr.

Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða eftir því sem ástand þess leyfir þrátt fyrir veikindi og íhlutanir á heilbrigðissviði.

Sjúk börn eiga rétt á því að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér, þegar þau dvelja á heilbrigðisstofnun.

Sjúk börn á skólaskyldualdri, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum, skulu njóta kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi, sbr. lög nr. 66/1995 um grunnskóla.

Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

XII. KAFLI

Réttur til að gera athugasemdir og kvarta.

Athugasemdir og kvartanir vegna þjónustu, íhlutunar eða meðferðar.

42. gr.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur gert athugasemdir við eða kvartað yfir þjónustu, sem hann hefur fengið á heilbrigðisstofnun eða hjá heilbrigðisstarfsmanni. Beina skal athugasemdum og kvörtunum að viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni eða að yfirmanni hans.

Telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að ekki hafi verið brugðist við á fullnægjandi hátt, geta þeir beint athugasemdum eða kvörtunum til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

Vilji sjúklingur eða umboðsmaður hans kvarta yfir tiltekinni íhlutun eða meðferð getur hann beint kvörtun sinni til faglegs yfirmanns í stofnun, landlæknis eða kvörtunarnefndar, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðistarfsmönnum er skylt að liðsinna og styðja sjúkling og/eða umboðsmann hans, sem vilja koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna, sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn.

Sjúklingur og umboðsmaður hans skulu fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

XIII. KAFLI

Gildistökuákvæði o.fl.

43. gr.

Heilbrigðismálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Breyting á öðrum lögum.

45. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist ný grein við lög um brottnám líffæra og krufningar nr. 16/1991, 5. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er án samþykkis nánasta vandamanns, sbr. 2. mgr., að fjarlægja sýni úr líki, þ.e. vefi, líffæri og þess háttar, til annarra nota en greiningar, nema hinn látni hafi ótvírætt kveðið á um annað.

Stjórn Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands 14031997

COUNCIL OF EUROPE

CONSEIL DE L'EUROPE

Committee of Ministers
Comité des Ministres

Strasbourg, 9 January 1997

Unclassified
CM(96)175 final

EXPLANATORY REPORT

TO THE CONVENTION FOR THE PROTECTION OF HUMAN RIGHTS AND DIGNITY OF THE HUMAN BEING WITH REGARD TO THE APPLICATION OF BIOLOGY AND MEDICINE:

CONVENTION ON HUMAN RIGHTS AND BIOMEDICINE

This Explanatory Report to the Convention on human rights and biomedicine was drawn up under the responsibility of the Secretary General of the Council of Europe, on the basis of a draft prepared, at the request of the Steering Committee on Bioethics (CDBI), by Mr Jean MICHAUD (France), Chairman of the CDBI. It takes into account the discussions held in the CDBI and its Working Group entrusted with the drafting of the Convention; it also takes into account the remarks and proposals made by Delegations.

The Committee of Ministers has authorised the publication of this Explanatory Report on 17 December 1996.

The Explanatory Report is not an authoritative interpretation of the Convention. Nevertheless it covers the main issues of the preparatory work and provides information to clarify the object and purpose of the Convention and to better understand the scope of its provisions.

INTRODUCTION

1. For several years now, the Council of Europe, through the work of the Parliamentary Assembly and of the ad hoc Committee of experts on Bioethics (CAHBI), later renamed the Steering Committee on Bioethics (CDBI), has concerned itself with the problems confronting mankind as a result of advances in medicine and biology. At the same time, a number of countries have done their own internal work on these topics, and this work is proceeding. So far, therefore, two types of endeavour have been undertaken, one at a national and the other at international level.

2. Basically, these studies are the fruit of observation and concern: observation of the radical developments in science and their applications to medicine and biology, ie fields in which people are directly involved; concern about the ambivalent nature of many of these advances. The scientists and practitioners behind them have worthy aims and often attain them. But some of the known or alleged developments of their work are taking or could potentially take a dangerous turn, as a result of a distortion of the original objectives. Science, with its new complexity and extensive ramifications, thus presents a dark side or a bright side according to how it is used.

3. It has subsequently become necessary to ensure that the beneficial side prevails by developing awareness of what is at stake and constantly reviewing all the possible consequences. No doubt the ethics committees and other national bodies and legislators, as well as the international organisations, have already applied themselves to this task, but their efforts have remained either restricted to a particular geographical area or incomplete because of their focus on a particular topic. On the other hand, common values are more often than not claimed as a basis for the various texts, opinions and recommendations. But differences may nonetheless become apparent in connection with certain aspects of the problems dealt with. Even simple definitions may give rise to profound differences.

Drafting of a Convention

4. It has consequently become apparent that there was a need to make a greater effort to harmonise existing standards. In 1990, at their 17th Conference (Istanbul, 5-7 June 1990), the European Ministers of Justice, following the proposal of Ms Catherine Lalumière, Secretary General of the Council of Europe, adopted Resolution No 3 on bioethics which recommended that the Committee of Ministers instruct the CAHBI to examine the possibility of preparing a framework convention "setting out common general standards for the protection of the human person in the context of the development of the biomedical sciences". In June 1991, taking up the contents of a report submitted on behalf of the Committee of science and technology by Dr Marcelo Palacios (see Doc. 6449), the Parliamentary Assembly recommended, in its Recommendation 1160, that the Committee of Ministers "envisage a framework convention comprising a main text with general principles and additional protocols on specific aspects". In September of the same year the Committee of Ministers, chaired by Mr Vincent Tabone, instructed the CAHBI "to prepare, in close co-operation with the Steering Committee for Human Rights (CDDH) and the European Health Committee (CDSP) ... a framework Convention, open to non-member States, setting out common general standards

for the protection of the human person in the context of the biomedical sciences and Protocols to this Convention, relating to, in a preliminary phase: organ transplants and the use of substances of human origin; medical research on human beings".

5. In March 1992 the CAHBI, then the CDBI, which has been chaired in turn by Mrs Paula KOKKONEN (Finland), Dr Octavi QUINTANA (Spain) and Mrs Johanna KITS NIEUWENKAMP née Storm van'SGravesande (The Netherlands), set up a Working Party to prepare the draft Convention, which was chaired by Dr Michael ABRAMS (United Kingdom). Until his untimely death, Mr Salvatore PUGLISI (Italy) was a member of this Group, after having been Chair of the Study Group set up to examine the feasibility of the draft Convention.

6. In July 1994, a first version of the draft Convention was subjected to public consultation and was submitted for an opinion to the Parliamentary Assembly[1]. Taking account of this opinion and of several other positions taken, a final draft was established by the CDBI on 7 June 1996 and was submitted to the Parliamentary Assembly for an opinion. The latter put forward Opinion n° 198[2] on the basis of a report submitted on behalf of the Committee on Science and Technology by Mr Gian-Reto PLATTNER and for the Committee on Legal Affairs and Human Rights and the Social, Health and Family Affairs Committee by Messrs Walter SCHWIMMER and Christian DANIEL respectively. The Convention was adopted by the Committee of Ministers on 19 November 1996[3]. It was opened for signature on ....

Structure of the Convention

7. The Convention sets out only the most important principles. Additional standards and more detailed questions should be dealt with in additional protocols. The Convention as a whole will thus provide a common framework for the protection of human rights and human dignity in both longstanding and developing areas concerning the application of biology and medicine.

Comments on the provisions of the Convention

Title

8. The title of the instrument is "Convention for the protection of human rights and dignity of the human being with regard to the application of biology and medicine: Convention on human rights and biomedicine".

---

[1] Opinion No.184 of 2 February 1995, Doc 7210.

[2] 26 September 1996, Doc 7622.

[3] Germany, Belgium and Poland abstained when the Committee of Ministers took the vote on the adoption of the Convention. Germany, Belgium and Ireland abstained when the Committee of Ministers took the vote on the authorization of publication of the explanatory report.

9. The term "human rights" refers to the principles laid down in the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950, which guarantee protection of such rights. The two Conventions share not only the same underlying approach but also many ethical principles and legal concepts. Indeed this Convention elaborates some of the principles enshrined in the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms. The concept of the human being has been used because of its general character. The concept of human dignity, which is also highlighted, constitutes the essential value to be upheld. It is at the basis of most of the values emphasised in the Convention.

10. The phrase "application of biology and medicine", was preferred to "life sciences" in particular, which was considered too broad. It is used in Article 1 and restricts the scope of the Convention to human medicine and biology, thereby excluding animal and plant biology insofar as they do not concern human medicine or biology. The Convention thus covers all medical and biological applications concerning human beings, including preventive, diagnostic, therapeutic and research applications.

Preamble

11. Various international instruments already provide protection and guarantees in the field of human rights, both individual and social: the Universal Declaration of Human Rights, the International Covenant on Civil and Political Rights, the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, the Convention on the Rights of the Child, the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, the European Social Charter. Several instruments of a more specific nature prepared by the Council of Europe are also relevant, such as the Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data.

12. They must now be supplemented by other texts so that full account is taken of the potential implications of scientific actions.

13. The principles enshrined in these instruments remain the basis of our conception of human rights; hence they are set out at the beginning of the preamble to the Convention, of which they are the cornerstone.

14. Starting with the preamble, however, it was necessary to take account of the actual developments in medicine and biology, while indicating the need for them to be used solely for the benefit of present and future generations. This concern has been affirmed at three levels:

- The first is that of the individual, who had to be shielded from any threat resulting from the improper use of scientific developments. Several articles of the Convention illustrate the wish to make it clear that pride of place ought to be given to the individual: protection against unlawful interference with the human body, prohibition of the use of all or part of the body for financial gain, restriction of the use of genetic testing, etc.

- The second level relates to society. Indeed, in this particular field, to a greater extent than in many others, the individual must also be considered to constitute part of a social corpus sharing a number of ethical principles and governed by legal standards. Whenever choices are involved in regard to the application of certain developments, the latter must be recognised and endorsed by the community. This is why public debate is so important and is given a place in the Convention. Nevertheless, the interests at stake are not equal; as indicated in Article 2, they are graded to reflect the priority in principle attached to the interests of the individual as opposed to those of science or society solely. The adjective "alone" makes it clear that care must be taken not to neglect the latter; they must come immediately after the interests of the individual. It is only in very precise situations, and subject to the respect of strict conditions that the general interest, as it is defined in Article 26, would take priority.

- The third and final concern relates to the human species. Many of the current achievements and forthcoming advances are based on genetics. Progress in knowledge of the genome is producing more ways of influencing and acting on it. This knowledge already enables considerable progress to take place in the diagnosis and, sometimes, in the prevention of an increasing number of diseases. There are reasons to hope that it could also enable therapeutic progress to take place. However, the risks associated with this growing area of expertise should not be ignored. It is no longer the individual or society that may be at risk but the human species itself. The Convention sets up safeguards, starting with the preamble where reference is made to the benefits to future generations and to all humanity, while provision is made throughout the text for the necessary legal guarantees to protect the identity of the human being.

15. The preamble refers to the developments in medicine and biology which should be used only for the benefit of present and future generations and not be diverted in ways that run counter to their proper objective. It proclaims the respect due to man as an individual and as a member of the human species. It concludes that progress, human benefit and protection can be reconciled if public awareness is aroused as a result of an international instrument devised by the Council of Europe in line with its vocation. Stress is laid on the need for international co-operation to extend the benefits of progress to the whole of mankind.

CHAPTER I General provisions

Article 1 (Purpose and object)

